

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 94/EES/33/01 nr. 9/94 frá 8. júlí 1994

#### um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur)

##### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun ráðsins 94/8/EB frá 21. mars 1994 um breytingu á tilskipun 78/660/EBE, varðandi aðlögun fjárhæða sem gefnar eru upp í evrópskum mynteiningum (ECU),<sup>(1)</sup> skal tekin upp í samninginn.

##### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

###### 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við XXII. viðauka við samninginn í 4. lið (fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE):

„- **394 L 0008:** Tilskipun ráðsins 94/8/EB frá 21. mars 1994 um breytingu á tilskipun 78/660/EBE, varðandi aðlögun fjárhæða sem gefnar eru upp í evrópskum mynteiningum (ECU) (Stjttíð. EB nr. L 82, 25.3. 1994, bls. 33).”

###### 2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 94/8/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

###### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 1994, að því tilskildu að allar nauðsynlegar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

###### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel, 8. júlí 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*H. Hafstein*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 82, 25. 3. 1994, bls. 33.